



Héraðsskjalasafn
Vestmannaeyja

Ársskýrsla 2002

Héraðsskjalasafnið var starfrækt með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Opnunartími: Safnið var opið þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 11.00-17.00

Starfsmenn: Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður er í 50% starfi. Runólfur Gíslason var í 50% starfi við safnið í 6 mánuði á árinu.

Fyrirspurnir: Skráðar voru 104 (82) fyrirspurnir eða erindi, sem er nokkur aukning frá árinu á undan. Gestir á lesstofu voru 19 (23).

Aðföng: Aðföng til safnsins á árinu voru 350 (490) móttekin og skráð skjalanúmer frá bæjarskrifstofu, einstaklingum og félögum.

Meðal aðfanga sem héraðsskjalasafninu bárust á árinu var viðbót við skjalasöfn verkalýðshreyfingarinnar sem safninu áskotnaðist á árinu 2001.

Heimsókn: Þann 12. júní fékk safnið heimsókn Ólafs Ásgeirssonar, þjóðskjalavarðar, ásamt þjóðskjalavörðum frá Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Það var mikill fengur fyrir safnið að fá þessa norrænu gesti, sem lýstu yfir hrifningu sinni á safninu og því samstarfi sem á sér stað í Safnahúsi Vestmannaeyja.

Vest-Norræn skjalaráðstefna: Héraðsskjalavörður tók þátt í Vestnordisk arkivdage 2002 í Þórshöfn í Færeyjum, daganna 30. ágúst til 2. september.

Norræni skjaladagurinn: Laugardaginn 9. nóvember var Norræni skjaladagurinn (Arkivernes Dag) haldinn hátíðlegur. Ákveðið var að tileinka daginn félögum í sem víðasta skilningi þess orðs. Í tilefni dagsins var sett upp sýning í Safnahúsi með sýnishornum úr skjalasafni verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum. En, skjölín voru hluti af gjöf verkalýðshreyfingarinnar til safnsins á árinu 2001 eftir sameiningu Snótar og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja í hið endurreista félag "Drifandi". Áhersla var lögð á upphaf félaganna, stofnun þeirra, lög og þróun fyrstu árin.

Jafnframt ritaði skjalavörður grein í héraðsfréttablaðin, þar sem vakin var athygli á sýningunni.

Átaksverkefni: Verkalýðsfélagið Drifandi styrkti safnið myndarlega á árinu. Það greiddi 50% laun starfsmanns í 4 mánuði vegna átaksverkefnis við skráningu og frágang skjalasafns verkalýðshreyfingarinnar. Verslunarmannafélag Vestmannaeyja átti stórafmæli á árinu og styrkti safnið um laun starfsmanns í 50% vinnu í mánuði. Héraðsskjalasafnið færir félögunum alúðarpakkir fyrir veittan stuðning.

Vestmannaeyjum í apríl 2003

Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður